

## 38% af verðmæti frysts uppsjavarfisks til Rússlands

Á tímabilinu frá 2003 til 2013 jukust útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Íslandi til Rússlands úr 600 milljónum króna í 18,6 milljarða króna. Aukningin á þessum tíu árum er því 32-föld. Rússland er sá markaður fyrir íslenskar sjávarafurðir sem vex nú hvað hraðast og er í raun gríðarlega mikilvægur markaður fyrir ákveðna afurðaflokka uppsjavartegunda og karfa. Þó rætt hafi verið um hugsanleg tækifæri íslenskra útflytjenda sjávarafurða af brotthvarfi Norðmanna af Rússlandsmarkaði er ljóst að aðalhagsmunir Íslendinga felast í því að Rússlandsmarkaður haldist opinn.

Ákvörðun stjórnvalda í Rússlandi um að halda Íslandi fyrir utan nýsettar reglur um bann á innflutningi á ýmsum matvælum, þar á meðal sjávarfangi, hefur mikla þýðingu fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Innflutningsbannið tók gildi á föstudaginn var, en það er til eins árs. Rússland er stór markaður fyrir íslenskar sjávarafurðir, einkum uppsjavartegundir, en útflutningstekjur af sölu sjávarafurða til Rússlands námu 18,6 milljörðum króna á síðasta ári.


### Þrjátíuföldun í útflutningsverðmæti á áratug

Útflutningsverðmæti sjávarafurða til Rússlands hefur vaxið myndarlega á undanfönum árum. Á tíu ára tímabili frá 2003 til 2013 jókst það úr tæplega 600 milljónum króna í 18,6 milljarða, sem samsvarar 32-faldri aukningu. Munar þar mest um útflutning á heilfrystum makríl, en jafnframt hefur útflutningur á heilfrystum karfa, heilfrystri loðnu, loðnuhognum og heilfrystri síld stigið jafnt og þétt síðasta undanfarin tíu ár.

Þó rætt hafi verið um hugsanleg tækifæri íslenskra útflytjenda sjávarafurða af brotthvarfi Norðmanna af Rússlandsmarkaði er ljóst að aðalhagsmunir Íslendinga felast í því að Rússlandsmarkaður haldist opinn. Rússland er það markaðssvæði sem nú stækkar hvað hraðast fyrir íslenskar sjávarafurðir, að mestu vegna tilkomu makrílútflutnings frá árinu 2008. Útflutningur nokkurra annarra afurða hefur þó einnig aukist umtalsvert á undanfönum árum, en segja má að Rússland sé gríðarlega mikilvægur markaður fyrir marga af þeim afurðaflokkum sem þangað eru seldir á annað borð.

Árið 2013 seldu Íslendingar heilfrystan makríl til Rússlands fyrir 8,9 ma. kr. sem samsvarar 43% af öllu útflutningsverðmæti heilfrysts makrils. Þá var fluttur til Rússlands heilfrystur karfi að verðmæti 2,7 ma. kr. sem samsvarar 42% af öllu útflutningsverðmæti af heilfrystum karfa. Sama ár var flutt út heilfryst síld fyrir 2,8 ma. kr. sem nemur 25% af útflutningsvirði þeirrar afurðar, heilfryst loðna fyrir 2,4 ma. kr. sem nemur 27%

### Útflutningur sjávarafurða til Rússlands (milljónir króna)



### Helstu sjávarafurðir frá Íslandi til Rússlands - útflutningsverðmæti og hlutfall af heild

Afurð	Verðmæti	Hlutfall
Makrill - heilfrystur	8.929 m. kr.	43%
Síld - fryst	2.818 m. kr.	25%
Karfi - heilfrystur	2.763 m. kr.	26%
Loðna - fryst	2.363 m. kr.	27%
Loðnuhrogn - fryst	1.021 m. kr.	20%
Gulllax - heilfrystur	259 m. kr.	24%
Kolmunni - heilfrystur	102 m. kr.	42%
Aðrar sjávarafurðir	343 m. kr.	
<b>Samtals</b>	<b>18.600 m. kr.</b>	

af öllu útflutningsvirði þeirra afurða og loðnuhrogn fyrir rúmlega 1 ma. kr. sem nemur 20% af öllu útflutningsvirði loðnuhrogna.

Mikilvægt er að hafa í huga að frysting hefur verið helsta leið framleiðenda uppsjávarfisks til aukinnar verðmætasköpunar, í stað mjöl- og lýsisvinnslu. Á síðasta ári skapaði heilfrystur uppsjávarfiskur útflutningsvirði upp á 38 ma. kr., en þar af skilar Rússlandsmarkaður 14 milljörðum, eða ríflega 37%. Því er ljóst að framleiðendur þessara afurða hafa töluverðra hagsmuna að gæta af áframhaldandi viðskiptum milli Íslands og Rússlands.

## Söluvænni makrill

Íslenska sjávarklasansum hafa borist fregnir af því að talsvert magn af óseldum makríl sé í frystigeymslum hér á landi eftir vertíð sumarsins og að sama skapi sé einhver hluti af sumarsins geymdur óseldur í frystigeymslum erlendis. Nú þegar rússneskum fyrirtækjum reynist ólöglegt að versla við norsk sjávarútvegsfyrirtæki er hugsanlegt að íslenski makrillinn seljist hraðar en ella. Til skamms tíma gæti innflutningsbann Rússa því haft góð áhrif á greiðslustöðu íslensku útgerðarinnar. Þó verður að slá þann fyrirvara að innflutningur til Rússlands er háður ströngum skilyrðum sem ekki allir makrílframleiðendur hér á landi uppfylla. Þá verður að teljast ólíklegt að bannið muni hafa mikil áhrif á verð á makríl.

## Tvívæð áhrif brotthvarfs Norðmanna

Norðmenn eru eðlilega nokkuð óhyggjufullir yfir innflutningsbanninu enda fluttu norsk fyrirtæki um 300 þúsund tonn af sjávarafurðum til Rússlands á síðasta ári. Útflutningstekjur Norðmanna af þeim viðskiptum námu 6,5 milljörðum norskra króna, jafnvirði 120 milljarða íslenskra króna. Viðskiptahagsmunir Norðmanna eru því gríðarmiklir og áhyggjur þeirra skiljanlegar þegar óvissa ríkir um áframhald svo viðamikilla viðskipta.

Norskir framleiðendur þekkja hins vegar vel glímuna við rússneskar viðskiptahömlur og hafa margir litlar áhyggjur af banninu; norskur fiskurinn muni alltaf finna sér leið austur til Rússlands meðan eftirspurnin þar sé til staðar. Á hinn bóginn er vel hugsanlegt að bannið muni draga verulega úr innflutningi norskra afurða inn á Rússlandsmarkað og þannig hafa áhrif á afkomu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja með tvennum hætti. Annars vegar vegna minnkandi framboðs afurða á Rússlandsmarkaði sem íslensk fyrirtæki gætu þá hugsanlega reynt að svara og hins vegar vegna þeirra afurða sem Norðmenn framleiða en þurfa að beina inn á aðra markaði en Rússland. Verð gætu þannig hækkað á íslenskum vörum í Rússlandi vegna ósvaraðrar eftirspurnar þar, en með líkum hætti gæti umframframboð á öðrum mörkuðum þar sem íslensk fyrirtæki bjóða vörur sínar haft áhrif til verðlækkunar.

Rússland er stærsti einstaki markaðurinn fyrir norskan uppsjávarfisk, einkum síld, loðnu og makríl. Á síðasta ári fluttu norskir framleiðendur út uppsjávarfisk til Rússlands að verðmæti um 20 milljarða íslenskra króna. Rússland er því jafnmikilvægur markaður fyrir norska útgerð í uppsjávarfiski og þá íslensku. Lokist þessi markaður norskum framleiðendum kunna að skapast einhver

tækifæri fyrir íslenska framleiðendur. Í það minnsta ætti það að reynast íslensku framleiðendunum auðveldara að selja afurðir sínar til Rússlands en ella. Aðalhagsmunir íslenskra framleiðenda uppsjávarfisks er eftir sem áður að markaðurinn til Rússlands haldist opin.

Aðalviðskiptahagsmunir Norðmanna snúa að innflutningi Rússa á norskum eldislaxi. Rússar keyptu eldislax af Norðmönnum fyrir jafnvirði nærri 100 milljarða íslenskra króna á síðasta ári og verð á eldislaxi hefur verið með allra hæsta móti síðasta árið. Í raun eru íslenskir framleiðendur eldislax ekki í samkeppni við Norðmenn á þessum markaði og það litla sem framleitt er hér á landi af eldislaxi hefur ekki verið flutt til Rússlands. Líkt og fram hefur komið í fréttum er hugsanlegt að íslensk laxeldisfyrirtæki sem eiga nægan fisk í sláturstærð komist nú inn á þennan markað. Hér yrði hins vegar aldrei um verulegar stærðir eða upphæðir að ræða þó þær gætu komið til með að skipta máli fyrir íslensku framleiðendurna. Hugsanlega opnar bannið því einhverjar dyr fyrir íslensku laxeldisfyrirtækin inn á nýjan markað þegar líður á árið. Það verður hins vegar að teljast ólíklegt. Haldi bannið og norskur eldisfiskurinn ratar aðeins í litlum mæli eða alls ekki inn á Rússlandsmarkað mun það líklega koma til með að valda hóflegum verðlækkunum á eldislaxi. Sérfræðingar eru þó sammála um að Norðmenn muni finna sér aðra kaupendur lokist Rússlandsmarkaður.

Nánari upplýsingar veita Bjarki Vigfússon og Haukur Már Gestsson, hagfræðingar Íslenska sjávarklasans á netföngunum [bjarki@sjavarklasinn.is](mailto:bjarki@sjavarklasinn.is) og [haukur@sjavarklasinn.is](mailto:haukur@sjavarklasinn.is) eða í síma 577-6200.